

## 9 – Lesbíur eða kynvillingar



Sjá einnig fletturarnar [Viðurnefni](#) og [Lesbíur og kynvilla á vefnum Huldukonur.is](#)



Ýmis orð hafa verið notuð um hinseginleika kvenna og karla í gegnum tíðina. Í **4. kafla: Orð um orð** er til dæmis fjallað um viðurnefni sem hinsegin konur fengu fyrir á öldum. Á fyrri hluta 20. aldar voru orðin *kynvilla* og *hómósexúalismi* yfirleitt notuð um það sem við köllum samkynhneigð í dag. Orðið *kynvilla* lýsir ágætlega ríkjandi viðhorfi til samkynhneigðar á þeim tíma. Hún var talin afbrigðileg eða sjúkleg og kynvillingar voru taldir vera á villigötum í kynferðismálum. Einnig litu margir svo á að *kynvilla* ætti rætur að rekja til erlendra stórborga. Hún var þess vegna álitin útlenskt fyrirbæri sem ætti ekki heima á Íslandi.

Um miðja 20. öld urðu breytingar á ríkjandi hugmyndum um samkynhneigð. Þá jókst umræða um *kynvillu* í blöðum og tímaritum mjög mikið og hún varð um leið fordómafyllri og harðari. Einnig birtust á íslensku umfjallanir um sam- og tvíkynhneigð kvenna og karla í þýddum ritum um kynferðismál. Fyrir þann tíma var næstum aldrei talað um konur í því samhengi, bara karla. Um miðja 20. öld var því í fyrsta sinn á Íslandi byrjað að ræða opinberlega um þann möguleika að konur ættu í ástarsamböndum hver við aðra.

Umræðan var oft fordæmandi og neikvæð en ekki alltaf. Í bókinni *Kynferðislífið* frá 1946 fjallar J. Fabricius-Møller til dæmis á fremur jákvæðum nótum um sam- og tvíkynhneigð, bæði karla og kvenna. Hann heldur því fram að *kynvilla* sé jafneðlileg og gagnkynhneigð og telur að það þurfi að sýna *kynvilltum* einstaklingum skilning. Þó segir hann einnig að flestum muni þykja hegðun þeirra ógeðsleg. Fritz Kahn fjallar um *kynvillu* karla og kvenna í bókinni *Kynlíf: Leiðarvísir um kynferðismál* frá 1948. Hann telur hana vera tegund af ást sem sé algeng hjá bæði körlum og konum. Stúlkur séu þó líklegri en piltar til að þróa með sér *kynvillu* því þær eigi oft í nánnum samböndum við vinkonur sínar. Þau sambönd fjari hins vegar oftast út og stúlkurnar taki þá upp „eðlileg“ sambönd við karlmenn.

Um svipað leyti var orðið *lesbía* líka notað um samkynhneigð kvenna í fyrsta sinn á íslensku. Orðið á sér langa sögu en það var í margar aldir heiti yfir konur frá eyjunni Lesbos í Miðjarðarhafi, heimkynnum forngrísku skáldkonunnar Saffóar sem orti ástarljóð til kvenna. Seinna fékk *lesbía* merkinguna „samkynhneigð kona“ víða á Vesturlöndum og undir lok 5. áratugarins má sjá að Íslendingar eru farnir að gera slíkt hið sama.

Þó að umræða um lesbíur og samkynhneigð kvenna hafi hafist á Íslandi um miðja 20. öld varð hún ekki áberandi fyrr en löngu síðar. Bækur um kynferðismál, líkt og rit J. Fabricius-Møller og Fritz Kahn, hafa líklega gert fleira fólk meðvitað um að sumar konur hefðu langanir til annarra kvenna og að lesbíur væru til. Við vitum samt ekki hversu margir lásu þessi rit. Opinber umræða um samkynhneigð karla og kvenna var almennt fremur neikvæð fram undir lok 20. aldar og samkynhneigðir karlar voru miklu meira áberandi en konur. Íslenskar samkynhneigðar konur töluðu ekki opinberlega um líf sitt og kynhneigð í fjölmiðlum fyrr en á 8. og 9. áratug 20. aldar. Þær notuðu þá orðið *lesbía* til að lýsa sjálfum sér og sjálfsmynd sinni. Notkun orðsins *lesbía* í merkingunni „samkynhneigð kona“ varð því líklega ekki algeng hjá almenningi á Íslandi fyrr en á þessum tíma – undir lok 20. aldar.



### Sjálfsmyndir og sjálfsmyndarbarátta

Oft er talað um *sjálfsmynd* í tengslum við hinsegin fólk og sögu. Með sjálfsmynd er átt við þá hugmynd sem við höfum um okkur sjálf – svarið við spurningunni „hver er ég?“ Sjálfsmynd okkar mótast bæði af því sem okkur sjálfum finnst og því sem samfélagið vill að við séum.

Við getum samsamað okkur með ýmsum sjálfsmyndum og hópum, til dæmis Íslendingum, Vestfirðingum, innflytjendum, grænmetisætum, umhverfissinum, svörtu fólki, brúnu fólki, hvítu fólki – og hommum, lesbíum, tvíkynhneigðum, trans fólki og kynsegin fólki. Sumar sjálfsmyndir snúast um áhugamál og skoðanir en aðrar um þætti sem tengjast mannréttindum; líkamsgerð fólks, kyn, kynhneigð, uppruna o.s.frv. Sumir hópar eru jaðarhópar og njóta ekki sömu réttinda eða virðingar og aðrir. Þeir heyja oft sjálfsmyndarbaráttu, þ.e. berjast fyrir málefnum sem snerta hópinn sérstaklega.

Samfélagslegar sjálfsmyndir breytast og eiga sér sögu. Í dag getur kona sem laðast að öðrum konum til dæmis haft lesbíska sjálfsmynd. Áður fyrr, þegar hugtakið lesbía var ekki til og fólk hugsaði öðruvísi, hefði sama kona ekki haft lesbíska sjálfsmynd, jafnvel þótt tilfinningar hennar væru þær sömu.

## Verkefni

---



- » Flettið orðinu *lesbía* upp á vefnum *Tímarit.is* ([timarit.is](http://timarit.is)) og skoðið elstu blöðin þar sem orðið birtist. Hvað þýddi orðið *lesbía* þá? Hvenær sjáið þið dæmi um að það sé notað í merkingunni „samkynhneigð kona“?
- » Reynið að lýsa kynsegin manneskju eða hinsegin konu, t.d. konu sem er trans eða tvíkynhneigð, án þess að nota þau hugtök sem við notum í dag (kynsegin, trans, kynhneigð, tvíkynhneigð o.s.frv.). Hvernig gengur það? Hvaða áhrif hafa þessi hugtök á hvernig við hugsum um fólk, kyn og kynverund?